

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

789. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 29. apríl 2013 kl. 11:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Indriða Karlssonar.
2. Bréf Þórðar Skúlasonar.
3. Bréf Icefitness ehf.
4. Bréf Ungmennaráðs.
5. Bréf Ungmennaráðs.
6. Bréf Ungmennaráðs.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Indriða Karlssonar þar sem hann óskar eftir endurnýjun á leigusamningi um um tún og beitarland á jörðinni Ytri-Völlum. Byggðarráð felur sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs úttekt á girðingum á Ytri-Völlum og sveitarstjóra að eiga viðræður við leigutaka um einstök atriði samningsins. Ragnar Smári Helgason vék af fundi við umræðu og afgreiðslu erindisins.
2. Fram lagt bréf Þórðar Skúlasonar þar sem hann óskar umsagnar sveitarstjórnar um stofnun lögbýlis á séreignarhluta hans á jörðinni Grund í Vesturhópi. Erindinu fylgir úttekt ráðunautar Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda á búskaparskilyrðum á Grund í Vesturhópi. Byggðarráð samþykkir að óska umsagnar landbúnaðarráðs og vísar afgreiðslu erindisins til sveitarstjórnar. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri vék af fundi við umræðu og afgreiðslu erindisins.
3. Fram lagt bréf Icefitness ehf. þar sem óskað er fjárstyrks vegna framkvæmdar og umsjónar félagsins með Skólahreysti 2013. Byggðarráð felur sveitarstjóra afgreiðslu erindisins.
4. Bréf Ragnars Braga Ægissonar, f.h. ungmennaráðs lagt fram en þar er fjallað um mikilvægi þess að viðeigandi stytta verði reist á stöplinum sunnan félagsheimilisins á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til skoðunar framkvæmda- og umhverfissviðs.
5. Bréf Guðrúnar Helgu Magnúsdóttur og Ragnars Braga Ægissonar, f.h. ungmennaráðs lagt fram þar sem fjallað er um þrektækjasal Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra og hvatt til þess að bætt verði úr þeirri aðstöðu sem fyrir er. Samþykkt að vísa erindinu til gerðar næstu fjárhagsáætlunar.
6. Bréf Ragnars Braga Ægissonar, f.h. ungmennaráðs lagt fram en þar er fjallað um veggjakrot á Miðfjarðarárbrú. Þar sem allt viðhald og umsjón umræddrar brúar er í höndum Vegagerðarinnar samþykkir byggðarráð að ágætri ábendingu ungmennaráðs verði vísað til Vegagerðarinnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 11:24

Stefán Böðvarsson.

Leó Örn Þorleifsson.

Ragnar Smári Helgason

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.